

Nr. 037 / 09 Oddgeir EA 600***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1039
Smíðaður: Bozenburg Þýskalandi 1967, Stál
Stærð: 246,5 brl. 365,7 bt.
Mesta lengd: 37,82 m Skráð lengd: 34,72 m
Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,05
Vél: Caterpillar 738 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 10

Gögn:

Gögn RNS



Oddgeir ©Hafþór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. apríl 2009 var Oddgeir EA 600 á togveiðum skammt vestur af Eldey. Veður: SA 4 m/s.

Skipverjar voru að taka trollið, hlerinn kominn í gálga og var einn þeirra að ná upp keðju úr dauðaleggnum til að losa hann úr hleranum. Hlerinn féll að skutlunningunni og varð þumalfingur hægri handar á milli og sat fastur þar til hlerinn losnaði frá lunningunni aftur. Sigt var með slasaða áleiðis til Grindavíkur og kom björgunarskipið Oddur V. Gíslason á móti þeim og flutti slasaða í land.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar hlerarnir hanga í gálganum falla þeir að lunningunni á jöðrum af því þeir eru íhvolfir. Í miðju hlerans er „uggi“ (styrktarbiti, brakkert) sem leggst einnig að lunningunni. Ævinlega þarf að ná í dauðaleggnum niður fyrir „uggann“ en oftast togar trollið hlerann aftur svo hann leggst ekki að lunningunni en veður og hreyfing skipsins stjórna því nokkuð;
- að slasaði sagðist ekki hafa verið nógu snöggur að kippa hendinni upp og forða slysi enda hafi hann í raun ekki átt möguleika á því þar sem þetta gerðist svo hratt. Hann sagði einnig að til staðar væri krókur í taumi sem notaður sé til að ná upp dauðaleggnum en hann væri bara notaður þegar keðjan er föst og tveir þurfa að taka á henni;
- að slasaði sagði að til trafala væru styrktarstoðir báðum megin við skutrennuna frá lunningu og upp í bita sem er á milli toggálganna og þrengja þær vinnusvæðið;

- að það þarf að ná upp keðjunni í vargakjaftinum til að lása við grandaraleiðarann en endi leiðarans er geymdur við skutlunninguna og bregða verður honum aftur fyrir styrktarstöðina þegar verið er að láta trollið fara. Hvoruga aðgerðina er hægt að framkvæma með öruggum hætti;
- að hliðstætt slys varð í skipinu 7. mars 2007 (sjá mál 028/07). Ekki hafa verið gerðar neinar breytingar á vinnulagi eða búnaði til að fyrirbyggja hættuna. Nú eru svipaðir hlerar notaðir og þegar fyrra slysið varð.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til ófullnægjandi vinnuaðstæðna.

Sérstök ábending:

Nefndin beinir því til skipstjóra að gera áhættumat samkvæmt „Reglugerð um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum“ nr. 200/2007 og bendir sérstaklega á greinar 8 til 10.